



Hervör Alma Árnadóttir og Sóley Dögg Hafbergadóttir

Hjarta mitt sló með þessum krökkum

Reynsla leiðbeinenda af hópvinnu með ungmennum úti í náttúrunni

► Um höfunda ► Efnisorð

Á síðustu árum hefur krafa aukist um fagmennsku og árangur í faglegu starfi leiðbeinenda í hópvinnu. Starfrækt hafa verið hér á landi tvö meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga tengd hugmyndafræði ævintýrameðferðar. Úrræðin hafa verið kennd við aðferðir reynslunáms sem felast í því að hópurnir vinnur helst úti í náttúrunni og er ígrundun viðamikill þáttur starfsins. Markmiðið er að hópurnir og einstaklingarnir þroskist með því að taka þátt í ferli og læri af þeirri reynslu sem þar býðst. Að lokum er reynslan ígrunduð og yfirfærð á önnur lífsverkefni. Leiðbeinendur sem beita aðferðum reynslunáms úti undir berum himni þurfa að búa yfir fjölbættri hæfni og reynslu af starfi með fólki.

Í greininni er leitast við að svara því hvaða þekkingu og tilfinningalegu hæfni leiðbeinendur sem vinna hópvinnu úti í náttúrunni þurfi að búa yfir til þess að ná árangri. Greinin er byggð á niðurstöðum rannsóknar á reynslu fagmanna sem hafa leitt meðferðarhópa fyrir börn og unglinga. Í niðurstöðum kom fram að samspil góðrar menntunar, reynslu og persónulegra eiginleika, eins og seiglu og þess að búa yfir eldmóði, væru þættir sem líklegir væru til að skila árangri. Viðmælendur voru sammála um að það væri krefjandi en jafnframt mjög gefandi verkefni að vinna meðferðarvinnu úti í náttúrunni með hópi unglinga sem væru að kljást við sálfélagslega erfiðleika. Áhrif starfsins væru slík að segja mætti að enginn kæmi samur til baka eftir slíka reynslu. Niðurstöðurnar mætti hafa til hliðsjónar þegar verið er að byggja upp starfsmenntun fyrir verðandi fagmenn sem koma til með að starfa með börnum og ungmennum.

“I really cared for these youngsters”: The experience of working with young people in outdoor groups

► About the authors ► Key words

In Iceland, two programs for young people that can be called adventure therapy have been run successfully. Adventure therapy is used here as a concept that includes therapy methods that are based on experiential

learning. Adventure therapy is defined in various ways but has the common denominator is that the therapy takes place outdoors, in nature.

In Iceland there have been run two programs that can be called adventure therapy. Firstly there has been the Highlanders group, run by the city of Reykja-vík and secondly a Adventure group run by the childrens and youth psychiatry department of the national hospital.

The programs have been based on methods of experiential learning that include working mainly in the outdoors with great emphasize on reflection. The goal for the group and the individual participants is to grow by taking part in a process and learning from the experience. Finally the experience is reflected on and the learning from that is transferred to other life tasks. The youth workers who base their work on experiential learning usually have multiple skills and experience. The article attempts to identify what sort of knowledge and emotional compe-tence group facilitators who work in natural surroundings need to have in order for programs to have good outcomes. The article is based on findings from re-search with group facilitators on their experience in leading children's and young people's therapy groups. The findings indicate that the interplay between quality education, experience and personal qualities such as resilience and passion for working with children and young people are factors that likely influence good program outcomes.

Data was collected autumn 2014 with semistructured focus groups interviewing. The goal of the research was to analyse what qualities youth workers need, according to themselves, when working with groups on the basis of experiential learning. What qualities do they think are important and how do they deal with their own emotions while the therapy work is going on? Participants of the research were chosen through purposeful sampling. They had all experienced working as youth workers in therapy work with groups of young people in experiential learning. Findings show that integration of quality education, ex-perience and personal qualities such as resilience and inner strength were factors likely to deliver good results. The participants of the research reported that trust played a major role when working with other youth workers. They depended completely on each other, and through trust positive results were achieved. By trusting each other they could be honest with each other and receive appropriate support, especially when therapy work was going on. Participants of the research agreed that doing therapy work in nature with young people who where dealing with phsyco-social problems was a demanding task, but at the same time very rewarding. The job did change you and no one came back the same after the experience.

Good practice in therapy is based on the skills and competence of each worker and therefore it was interesting to bring forward what understanding they have of their own job and how they use their skills and competence. During the last few years there has been an increased demand for professionalism and better out-comes from professional group facilitation work. Good results depend on qualifi-ed workers and therefore it is important to look at their experience and use the results to develop professionalism and education in the field. The results can help when building up professional

education and training for future profession-als who will work with children and young people.

Inngangur

Hópvinna er öflug ráðgjafar- og stuðningsaðferð fyrir einstaklinga sem eru að ganga í gegnum breytingar í lífi sínu og þurfa að takast á við ytri og innri hindranir (Farley, Smith og Boyle, 2006; Gladding, 2012). Unglingsárin einkennast af víðtækum líkamlegum, sálrænum og félagslegum breytingum. Ungmennni geta þurft stuðning fagmanna og þykir hópvinna oft áhrifarík aðferð í slíku starfi (Bailey og Bradbury-Bailey, 2007; Henderson og Thompson, 2011). Hlutverk leiðbeinanda er mikilvægt fyrir alla hópvinnu. Hann ber ábyrgð á virkni hópsins og þeim ávinningi sem þátttakendur hafa af því sem fram fer. Kröfur um þjálfun og menntun leiðbeinenda í hópvinnu hafa aukist á síðustu árum, svo og umræða um persónulega hæfni einstaklinga sem vinna meðferðarvinnu (Gladding, 2012; Thompson, 2013).

Þessi grein er byggð á rannsókn sem gerð var haustið 2014 þar sem rýnihópaviðtöl voru tekin við leiðbeinendur í tveimur íslenskum meðferðarúrræðum. Úrræðin byggðust á hugmyndafræði ævintýrameðferðar þar sem aðferðum reynslunáms var beitt og beindust að markhópi barna og unglunga sem voru að takast á við breytingar í lífi sínu. Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á það hvers konar undirbúningur, persónulegur og faglegur, er mikilvægur fyrir leiðbeinendur hópvinnu með unglungum samkvæmt aðferðum reynslunáms. Tilgangurinn var að kanna hvað er mikilvægt að kenna eða styðja við hjá fagmönnum sem hafa áhuga á því að starfa á þeim vettvangi. Í greininni er leitast við að svara því hvaða þekkingu og tilfinningalegu hæfni leiðbeinendur sem vinna hópvinnu úti í náttúrunni þurfi að búa yfir til þess að ná árangri.

Reynslunám

Hugmyndafræði reynslunáms (e. *experiential learning*) er sótt til John Dewey (1859–1952) sem er heimsþekktur fyrir skrif sín um sköpun þekkingar og eflingu lýðræðis. Margir fræðimenn hafa nýtt sér þann grunn sem Dewey lagði. Einn þeirra er menntunarfræðingurinn David Kolb (f. 1939) sem hefur rannsakað menntun og þroska einstaklinga þegar aðferðum reynslunáms er beitt. Einstaklingar þroskast með því að fara í gegnum ferli og læra af þeirri reynslu sem þeir verða fyrir. Bein og raunveruleg reynsla, en hana má öðlast með starfi úti í náttúrunni, er afar mikilvæg leið til þroska og náms. Reynslan er samspil einstaklinga og umhverfis, samþætting margra þátta sem mynda síðan stærri heild í samfelldu ferli. Þannig verður til ný þekking sem einstaklingurinn nýtir í leik og starfi (Jóhanna Einarsdóttir, 2010; Kolb, 1984; Sigrún Júlíusdóttir, 2002).

Ævintýrameðferð er yfirheiti þeirra meðferðarkenninga sem byggjast á reynslunámi. Hún er skilgreind á marga mismunandi vegu en allar eiga kenningarnar það sameiginlegt að náttúran er nýtt í meðferðarvinnu, þó svo að margt annað geti verið mjög ólíkt með þeim (Gass, Gillis og Russell, 2012; Norton o.fl., 2014). Hér á landi hafa tvö meðferðarúrræði sérstaklega kennt sig við ævintýrameðferð. Annað var Hálendishópurinn sem rekinn var af Reykjavíkurborg og hitt er Ævintýrahópur BUGL sem Landspítalinn starfrækir.

Hálendishópurinn og Ævintýrahópurinn

Hálendishópurinn starfaði á árunum 1989 til 2009 en tók nokkrum breytingum á þeim árum. Síðustu árin var hann níu mánaða úrræði og skiptist í þrjá þætti, það er undirbúning, gönguferð og loks eftirfylgd. Á hverju ári bauðst níu ungmennum þátttaka með þremur leiðbeinendum. Gönguferðin stóð yfir í hálfan mánuð og var gengið um Strandir og Hornstrandir, gíst í tjöldum og vistir bornar í bakpoka (Björn Vilhjálmsson, 2013; Sigrún

Júlíusdóttir, 2002). Allir leiðbeinendur Hálandishópsins voru með menntun á sviði uppeldisfræða og reynslu af starfi með unglingum í sálfélaglegum vanda (Hervör Alma Árnadóttir, 2011). Tilgangur verkefnisins var að fara með unglinga í vanda úr venjulegu borgarumhverfi þeirra og út í óbyggðir Íslands. Markmiðið var að þátttakendur tækjust á við ferðalagið og þær hindranir sem þeir kynnu að mæta (Björn Vilhjálmsson, 2013). Í ferðunum voru skapaðar aðstæður sem urðu þátttakendum áskorun sem þeir þurftu að takast á við. Þessar áskoranir voru síðan skoðaðar og gátu þá þátttakendur nýtt sér lærdóminn til þroska (Hervör Alma Árnadóttir, 2011). Lögð var megináhersla á hið innra ferðalag sem átti sér stað hjá þátttakendum meðan á meðferðinni stóð, þó svo að ferðalagið krefðist einnig líkamlegs úthalds og þrautseigju (Sigrún Júlíusdóttir, 2002). Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á úrræðinu benda til þess að það hafi skilað tilætluðum árangri fyrir þau ungmenni sem tóku þátt í því. Með þátttöku sinni hafi þau fengið stuðning við byggja upp líf sitt á annan og heillavænlegri hátt en áður (Hervör Alma Árnadóttir, 2011; Sigrún Júlíusdóttir, 2002).

Iðjuþjálfar á Barna- og unglingageðdeild (BUGL) hafa starfrækt ævintýrameðferð (e. *adventure therapy*) frá árinu 1998. Meginmarkmið þeirrar meðferðar er að styðja og koma á samskiptum sem hjálpa börnum og unglingum við að mynda heilbrigð félagsleg tengsl (Schoel og Maizell, 2002). Líkt og í Hálandishópnum eru markmiðin einnig þau að efla sjálfstraust og sjálfsmýnd einstaklinganna með því að leggja fyrir þá krefjandi verkefni í andlegu, líkamlegu og félagslegu tilliti (Sigrún Júlíusdóttir, 2002).

Úrræðið er starfrækt allt árið, meðferðinni er skipt í vetrar- og sumarhópa og það er ætlað börnum og unglingum á aldrinum 10–18 ára. Vetrarhóparnir hittast í átta skipti í tvo og hálfan tíma í senn en sumarhóparnir hittast í átta skipti, fimm tíma í senn. Sumarhópurinn fer síðan í tveggja til þriggja daga ferð þar sem gengið er um hálendi Íslands. Meðferðin snýr að því að leyfa einstaklingum að lenda í ævintýrum og upplifa þau, en til þess að það geti gerst verða þeir að eiga kost á óvæntum aðstæðum. Við þessar kringumstæður kynnast börnin sjálfum sér betur og sjá og uppgötva að þau geta oft mun meira en þau bjuggust við. Þau læra að takast á við bæði sigra og ósigra, enda hvort tveggja jafn mikilvægt innlegg í lærdómsbankann. Leiðbeinendur Ævintýrameðferðar BUGL eru allir iðjuþjálfar og hafa sótt námskeið hjá Project Adventure eða önnur sambærileg námskeið (Hildur Andrjésdóttir, Oddný Hróbjartsdóttir og Steinunn Björnsd. Bjarnason, 2007).

Leiðbeinendur í reynslunámi

Hlutverk og hæfni leiðbeinenda í hópvinnu er lykilatriði fyrir alla vinnu hópsins. Þeir skipta miklu máli fyrir virkni hópsins og árangur þátttakenda. Því má segja að hópurinn endurspeglir þann sem leiðir og að hópurinn verði ekki betri en hann. Hæfni og þekking leiðbeinandans hefur áhrif á þróun og skipulag hópsins og því er mikilvægt að hann undirbúi sig vel áður en vinnan hefst (Gladding, 2012). Farsælir leiðbeinendur eru þeir sem geta nýtt sína sterkustu persónulegu eiginleika í bland við fræðilega þekkingu og reynslu (Johnson og Johnson, 2009). Rannsóknir sýna að ákveðnir persónulegir eiginleikar einkenna leiðbeinendur þeirra hópa sem skila árangri. Þeir nefna eiginleika eins og þá að vera tilbúnir til að vera fyrirmyndir og að vera til staðar (e. *presence*) fyrir þá sem þeir eru að vinna með. Þeir tala líka um mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra og hafa úthald eða seiglu. Þá telja þeir mikilvægt að leiðbeinendur hlúi að eigin velferð, hafi skopskyn og séu hugmyndaríkir (Corey, Corey og Corey, 2010). Leiðbeinendur í reynslunámi þurfa að hafa sérstök tök á því að virkja einstaklinga til þátttöku og skapa hvetjandi umhverfi til vaxtar og þroska (Dewey, 1938; Kolb, 1984). Í þessu sambandi er talað um gagnvirk námi (e. *interactive learning*) þar sem þátttakendur læra af leiðbeinendum og öfugt. Mikilvægt er að styðja þátttakendur í því að uppgötva að þeir séu gerendur í eigin lífi og skapi og stjórni framtíð sinni (Dewey, 1938; Daft, 2015; Kolb, 1984).

Nú á tímum eru gerðar vaxandi kröfur um fagmennsku og að fagmenn skili árangri í starfi sínu, notendum þjónustunnar til hagsbóta (Parrish og Rubin, 2012). Fæstir fæðast með hæfileikann til þess að vinna með hópi í faglegu starfi og það tekur tíma að þjálfna þá faglegu eiginleika sem til þarf (Yalom og Leszcz, 2005). Ákveðnir staðlar um þjálfun leiðbeinenda hafa verið gefnir út af samtökum bandarískra hópmeðferðarfræðinga (American Group Psychotherapy Association). Þar er mælt með því að þeir hljóti að lágmarki 60 klukkustunda þjálfun í hópvinnum. Aðrir fræðimenn telja að nýir leiðbeinendur eigi að fá að fylgja reyndari fagmönnum þegar þeir hefja störf. Mælt er með því að þeir sem eru að byrja að starfa á þessum vettvangi taki sjálfir þátt í hópvinnum svo að þeir öðlist betri skilning á krafti (e. *dynamic*) sem býr í hópnum (Gladding 2012; Jacobs, Masson, Harvill og Schimmel, 2012; Yalom og Leszcz, 2005).

Aðferð

Gagna var aflað haustið 2014 með hálfstöðluðum rýnihópaviðtölum (e. *semistructured focus groups interviewing*) (Braun og Clarke, 2013; Sóley S. Bender, 2013). Rýnihópaviðtöl þykja heppileg þegar skoða á sameiginlegan reynsluheim ákveðins hóps (Braun og Clarke, 2013) eins og lagt var upp með í þessari rannsókn. Hálfstaðlaður viðtalsvísir var notaður til að ná yfir þætti sem rannsakendur töldu mikilvægt að komið yrði inn á í viðtölunum (Braun og Clarke, 2013).

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru valdir með tilgangsrúrtaki (e. *purposeful sampling*) (Silverman, 2013; Sóley S. Bender, 2013), en þeir höfðu allir unnið sem leiðbeinendur í meðferðarvinnu með hópi barna og ungmenna samkvæmt hugmyndafræði reynslunáms. Til þess að komast í samband við hugsanlega þátttakendur var haft samband við hliðverði (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003) sem bentu á þá einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Haft var samband við þátttakendur í gegnum síma. Þeim sem samþykktu þátttöku var síðan sent kynningarbréf vegna rannsóknarinnar.

Viðmælendur urðu að lokum níu fyrrum leiðbeinendur, fimm karlmenn og fjórar konur, sem fylltu þrjá rýnihópa.

Rýnihópar og greining gagna

Viðtölin fóru fram í húsnæði Háskóla Íslands. Viðtölin spönnuðu 55–95 mínútur og fylltu 134 blaðsíður. Gögnin voru hljóðrituð, afrituð orðrétt og marglesin í þeim tilgangi að skoða sameiginlegar og ólíkar áherslur, en það er helsti styrkleiki rýnihópaviðtala (Rubin og Babbie, 2014). Afritun gekk vel þar sem þátttakendur höfðu verið beðnir um að reyna eftir bestu getu að tala einn í einu. Greining gagna úr rýnihópnum fór fram í þremur áföngum (Hoyle, Harris og Judd, 2002; Sóley S. Bender, 2013); fyrst í hópnum sjálfum á meðan viðtalið átti sér stað, síðan strax eftir hópviðtalið, og að lokum fór fram þemagreining eftir að viðtalið hafði verið afritað orðrétt.

Takmarkanir, styrkleikar og siðferðileg álitamál

Þátttakendur veittu upplýst samþykki fyrir því að taka þátt í rýnihópaviðtali. Þeim var gert ljóst að þeir mættu draga samþykki sitt til baka hvenær sem væri. Til þess að tryggja trúnað við þátttakendur er ekki gerð frekari grein fyrir þeim.

Rannsóknin hefur ekki alhæfingargildi og segja niðurstöður aðeins til um reynslu og viðhorf viðkomandi þátttakenda. Áður en viðtölin fóru fram var rætt um trúnað og nafnleynd og leyfi þátttakenda fengið til að hljóðrita þau. Einn styrkleiki rannsóknarinnar er að í öðru íslenska úrræðinu voru alls átta leiðbeinendur og tóku sjö þeirra þátt í rýnihópaviðtölunum. Einnig var ákveðið samræmi í svörum þátttakanda, sem telja má styrkleika.

Rannsakandi hafði engin persónuleg tengsl við meðferðarúrræðin og átti engra hagsmuna að gæta. Hins vegar var leiðbeinandi við rannsóknina fyrrum leiðbeinandi í öðru meðferðarúrræðanna en tók ekki þátt í umræðum rýnihópanna.

Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum. Þeim er skipt í þrjá hluta eftir þeim: Persónulegir eiginleikar, reynsla og menntun leiðbeinenda og loks traust. Þessi þemu þóttu varpa ljósi á svör við rannsóknarspurningunni.

Viðmælendur töluðu allir um að vinna þeirra sem leiðbeinenda í meðferðarúrræði byggðu á reynslunámi hefði verið mjög gefandi. Þeir hefðu lært mikið af þessari reynslu sem hefði styrkt þá faglega og persónulega. Einn viðmælandi sagði: „... við breyttumst þarna líka, ég var ekki sama manneskjan, ég varð djarfari og öruggari ...“

Persónulegir eiginleikar

Fram kom hjá þátttakendum að þeir töldu sig hafa ákveðna persónulega eiginleika sem hefðu nýst þeim í starfi. Þeim fannst forvitni og einlægur áhugi á manneskjum vera eiginleiki sem leiðbeinandi þyrfti að hafa, eða eins og einn þátttakandi lýsti því:

Ég held að þú þurfir að hafa rosalega marga eiginleika. Ég held að þú þurfir að vera forvitinn. Ég held að þú þurfir að vera bullandi forvitinn um að prófa og vera tilbúinn í nýja hluti. Ég held að það skipti öllu máli að þú hafir óbilandi trú á manneskjunum – unga fólkinu sem þú ert að vinna með. Trú á að fólk geti breytt lífi sínu á þann hátt að því líði betur og þú þarft að hafa brennandi áhuga á fólki. Það er ekki séns að vera í svona vinnu án þess að þú hafir bara virkilegan áhuga fyrir ... bara manneskjunum sem eru með þér.

Áhugi á einstaklingum og málaflokknum í heild var eiginleiki sem var nefndur. Einn viðmælandi sagði: „... forvitni og áhugi, einlægur áhugi á sjálfum sér og manneskjunni, áhugi á þessum krökkum.“ Viðmælendur töluðu um mikilvægi áhuga á fólkinu og náttúrunni. Og svo væri áhugi á sjálfum sér og að vera tilbúinn í sjálfsrýni ein mikilvæg forsenda. Einn viðmælandi sagði:

En svo þarf maður líka að vera tilbúinn í naflaskoðun á sjálfum sér af því að það erum við sem erum verkfærið – þegar við stöndum þarna á einhverri þúfu uppi á einhverju hálandi að dila við ótrúlegustu hluti þá erum það við sem erum verkfærin. Eftir hverja einustu ferð þá var maður að læra eitthvað nýtt en maður þarf líka að vera tilbúinn í það, maður þarf að skoða þessa reynslu, maður þarf að vera tilbúinn í að skoða sjálfan sig, alla sína galla og styrkleika og vera tilbúinn í að fara inn í svona „intimate“ teymi og gefa sig allan.

Talað var um mikla ástríðu fyrir því að vinna með ungu fólki í vanda, eins og einn orðaði það: „... ég get alveg talað fyrir mig, að hjarta mitt sló soldið með þessum krökkum.“ Viðmælendurnir höfðu mikla trú á því að þátttakendur gætu breytt lífi sínu til hins betra í meðferðinni.

Fjallað var um mikilvægi góðra samskipta og að geta lesið í aðstæður einstaklingana og í hópinn. Leiðbeinendur þyrftu að leggja sig fram við að lesa í það sem væri að gerast hverju sinni og þess vegna væri sá eiginleiki mikilvægur í starfi sem þessu:

Ég held að það sem virki og það sem þetta gengur út á sé rosalega mikið að lesa í aðstæður, lesa í veðrið, lesa í hópinn og lesa í einstaklinginn, lesa í teymið, þú ert stanslaust að lesa í allan þennan pakka og vinna með það sem þú lest út úr.

Viðmælendur sögðu að það væri stanslaust verið að lesa í aðstæður og einstaklinga og svo bregðast við því. Því þyrfti að sníða meðferðina eftir þörfum hverju sinni – þannig var meðferðin á vissan hátt óskipulögð vegna þess að viðbrögð einstaklinganna og hópsins við áskorunum hafði áhrif á það hvernig meðferðin þróaðist og hvaða aðferðum var beitt hverju sinni.

Leikgleði var nokkuð sem leiðbeinendur nefndu og skipti ekki aðeins máli þegar kæmi að því að vinna með þátttakendum heldur væri hún einnig notuð sem eins konar sýnikennsla í því hvernig fullorðið fólk geti verið. Einn sagði í þessu sambandi:

... vera leikandi, ég held að við höfum verið alveg sérlega sterk í því að vera leikandi, já, svona „playfulness“ hafi verið eitt af okkar aðalsmerkjum því við höfðum líka, að ég held, næmt eyra og auga fyrir tempó-skiptum. Þegar það var mikil spennan í gangi þá gátum við losað þessa spennu með því að gera eitthvað öðruvísi, nýtt og skemmtilegt eða sniðugt eða „whatever“, þannig að ég held að við höfum verið alveg drullugóð í því.

Viðmælendum þóttu margir persónulegir samverkandi eiginleikar skipta máli. Eins og einn viðmælandi sagði: „Ég held að þetta reyni á bara mjög marga ... mannlega þætti.“ Rætt var um sambland af persónulegum eiginleikum og menntun þeirra og reynslu. Sumt væri meðfætt en annað væri lært. Einn viðmælandi komst svo að orði:

Sumt er náttúrliga meðfætt, eins og það að við höfum hæfileikann til þess að láta okkur þykja vænt um þau og við gátum umgengist þessa krakka. Það er margt í okkar reynslu, við komum þaðan sem við komum ... svo held ég að við höfum haft aðra eiginleika sem voru okkur áskapaðir, ég er ekki viss um að ég hafi lært það einhvers staðar og það er þessi forvitni. Ég held að við höfum líka haft alveg ótrúlegt úthald og ég held að þrautseigja hafi nú ekki verið sísti kosturinn okkar.

Annar viðmælandi bætti við að hann hefði sjálfur fengið mikið út úr því að fara með meðferðarhópa út í náttúruna og orðar sambland eiginleika sinna svona:

Ég held að það séu ákveðnir genetískir eiginleikar sem alveg klárlega hjálpuðu okkur og það er til dæmis meðfætt sjálfstraust og sjálfsmynd og hvernig við sjáum okkur sjálf sem einstaklinga. Menntun okkar og ýmislegt annað hefur hjálpað, eða hjálpaði bara mjög mikið til, en það er líka eitthvað með ... ég veit ekki alveg hvað á að kalla það, það er einhver svolítill geggjun. Það er gaman að vera úti í brjáluðu veðri ef maður treystir sér til þess, það er bara skemmtilegt, það er gaman að vera í erfiðu landslagi ... ef maður treystir sér til þess og ... ég get alveg sagt það að það veitir manni fullnægju og ánægju að vera í þessum helvítis látum og komast í gegnum það, þetta er svona „buzz“.

Menntun og reynsla

Eins og fram hefur komið nefndu þátttakendur að menntun og reynsla væri mikilvæg. Ekki skipti öllu máli hvers konar menntun viðmælendur ættu að baki heldur miklu fremur hvað þeir hefðu fengið út úr námi sínu. Einnig var rætt um að í námi hefðu þeir lært að tileinka sér gagnrýna hugsun og ákveðna fagmennsku sem hefði nýst þeim. Sumir höfðu þó tileinkað sér tiltekinn kenningarlegan bakgrunn í náminu sem þeir töldu að hefði komið að góðu gagni í meðferðarstarfinu. Í einum rýnihópnum kom fram að í náminu hefðu þeir lært ákveðin fræði sem þeim fannst nauðsynlegur í vinnu sinni. Einn viðmælandi sagði:

Ég held að það sé fullt af hlutum sem þú lærir í námi og svona teoretísku námi, kenningar, eins og í okkar tilfelli, þá erum við að læra alls konar viðtalstækni og

þó svo þú sért ekki alveg að þæla í einhverjum teoríum og bíddu „hvernig var þessi aðferð“ eða eitthvað þannig að þá auðvitað er þetta allt í bakhöfðinu á þér sem að þú ert búinn að læra, hvort það er í skóla eða öðrum vinnustað eða í samskiptum við annað fólk. Þetta tekur þú með þér, þú ert bara að taka með þér þína reynslu og þitt nám í gegnum lífið og notar það á staðnum.

Sumir viðmælendanna höfðu mikla reynslu af vinnu með ungu fólki í vanda. Þeir höfðu unnið saman og þar höfðu þeir kynnst. Einn viðmælandi lýsti þessari reynslu þeirra á þennan veg:

Við höfðum öll verið að vinna saman og þekktum þessa krakka og ég get alveg talað fyrir mig, að hjarta mitt sló með þessum krökkum. Ég var búinn að vera að vinna á mörgum stöðum á þessu sviði þannig að við höfðum þá reynslu, sú reynsla var nú frekar yfirgripsmikil fannst mér.

Einnig var talað um fyrri störf og reynslu. Einn viðmælandi orðaði það svo:

Við höfum reyndar öll gert það á þann hátt að við byrjum að vinna með ungu fólki áður en við menntum okkur og erum komin með talsvert mikla reynslu af því að vinna með ungu fólki áður en við förum í nám. Ég man alveg þegar maður var að byrja og maður var frekar ungur og ég fann að ég laðaðist að þessum krökkum og þessir krakkar löðuðust að mér. Mig langaði að gera eitthvað en ég kunni það ekki alveg, ég lærði af reynslunni og ég lærði það líka í skólanum.

Rætt var um fagmennsku og nefnt að þó svo að leikgleðin fengi sitt rými þá gleymdu viðmælendur því aldrei að þeir væru fullorðna fólk. Þeim fannst fagmennskan auðvelda þeim að halda hlutverkunum á hreinu. Einn viðmælandi sagði:

Í sambandi við menntunina að þá held ég að þú skynjir mörkin þín, þó við höfum leikið okkur og fíflast þá fórum við aldrei niður á þeirra plan, við vorum alltaf hið fullorðna fólk og það veitti þeim þetta öryggi. Við fórum aldrei í einhvern leik við þau með okkar hlutverk. Við vorum hin ábyrgu og fullorðnu. Við gengum með þeim, en maður getur verið bæði faglegur og gengið með einstaklingnum. Við vorum aldrei táníngar.

Sumum fannst námið hafa nýst þeim í samskiptum við önnur kerfi sem tengjast ungu fólki í vanda. Sérstaklega fannst þeim það koma sér vel þegar kom að því að skipuleggja frekari meðferð, ef þess þurfti fyrir einstaklingana, að hafa notið menntunar og búa að þeirri fagmennsku sem henni fylgdi. Stundum þyrfti líka að setja aðra fagaðila inn í mál einstaklinganna og upplýsa þá um atvik sem hefðu komið upp í meðferðinni og þá kæmi námið og fagmennskan að góðum notum. Einn viðmælandi orðaði það svo:

Nákvæmlega þetta með fagmennskuna, þarna erum við að tala um samskipti við kerfið þar sem við skilum krökkunum út aftur og við erum kannski með einhverjar upplýsingar sem við þurfum að koma frá okkur þannig að þar kannski er menntunin og fagmennskan helst að skila sér. Af því við erum þá að tala við annað fagfólk um einhver vandamál sem þarf að takast á við og við gerum það ekki bara einhvern veginn sem einhver Jón Jónsson úti bæ.

Allir viðmælendur töluðu um að reynsla af útiveru og náttúrunni hefði komið að góðum notum í starfinu. Bæði til að takast á við erfitt ferðalag en einnig til þess að vekja áhuga unglínganna á náttúrunni og kenna þeim hvernig hægt er að nýta hana. Viðmælendurnir töldu að þeir hefðu ekki farið út í þessa meðferðarvinnu ef þeir hefðu ekki haft áhuga á náttúrunni og þeim áhrifum sem hún hefur á einstaklinginn. Einn viðmælendanna sagði:

Það sem að ég held að sé mikilvægt er þessi tenging við náttúruna ... ég hef trú á náttúrunni og þessum „healing effect“ af náttúrunni sem ég hef bara persónulega sjálf upplifað, og ég nýti mér hana mikið þannig.

Annar tekur undir þetta og segir: „Við sem höfðum þann áhuga, við vissum að það var eitthvað sem gerðist í ... átökum úti í náttúrunni, veðrið, fegurðin og fleira.“

Traust

Allir viðmælendur töluðu um það að traust væri mikilvægt í meðferðarúrræði sem byggist á reynslunámi. Bæði sé mikilvægt að þátttakendur geti treyst leiðbeinendum og svo sé mikilvægt að á milli leiðbeinendanna sjálfra ríki traust. Enn viðmælenda lýsti því þannig:

Það bara verður í raun að vera, af því að þú lendir í aðstæðum þar sem að það veltur allt á þessum hópi að allt fari vel og ég held að traust og samstilling sé lykilatriðið ... við vorum farin að þekkjast það vel að ég vissi hvað þau voru að hugsa. Það er mögnuð upplifun að vera kannski einhvers staðar úti í náttúrunni og ég horfi í augun á henni og ég veit bara hvað hún er að fara að segja næst. Þetta er svolítið þessi tenging sem er mikilvæg og við unnum í henni, við vorum meðvituð um þetta, ég allavega upplifði það.

Annar viðmælandi sagði að traust væri undirstaða þess að leiðbeinendur næðu árangri saman og að þeir yrðu að þekkjast áður en farið væri í slíka vinnu. Hann sagði: „Ég myndi ekki fara með hverjum sem er í svona ferð, ég verð að þekkja þann sem fer með mér.“ Viðmælendunum fannst einnig mjög mikilvægt að geta treyst á samstarfsfélaga sína ef þeir ættu erfiðan dag og þyrftu að fá tíma út af fyrir sig.

Viðmælendur töluðu um mikilvægi þess að ungmennin treystu þeim. Til þess að hægt væri að vinna með erfið mál sem krakkarnir væru að fást við yrðu þeir að geta treyst leiðbeinendum. Eins og einn viðmælandi orðaði það:

Þú getur ekki sagt fólki að treysta, það er bara á einhverju ákveðnu stigi að þá tekst það vonandi og þá opnast fyrir það og þá getum við talað saman. Þá getum við velt upp einhverjum möguleikum eða nálgast einhver viðfangsefni sem að viðkomandi einstaklingur er að berjast með og er með þetta þunga farteski einhvers staðar hjá sér. En það er að opna þetta traust, ég mun ekki skemma, misnota, eyðileggja, gera lítið úr, ekkert, þú getur talað við mig og svo spjöllum við saman. Maður getur ekki sagt neinum að gera þetta, þetta er bara „móment“ sem gerist og maður eiginlega spyr með mörgum aðferðum: „Ertu tilbúinn?“ Ef einhver segir „nei“ þá bara „okei, þá tökum við það síðar ... ertu tilbúinn?“ og ef það kemur „já“ að þá bara byrjar maður rólega.

Viðmælendur töluðu um að það væri talsverð vinna að byggja upp traust. Einn viðmælendanna hafði orð á því að það væri gott ef það kæmi vont veður á fyrstu dögum meðferðarinnar og aðrir viðmælendur rýnihópsins tóku undir þá kenningu. Hann sagði:

... það er gott að fá vont veður í upphafi ferðar. Það er út af því að ef við fáum vont veður í upphafi ferðar þar sem að allir eru blautir og hraktir, að þá gefur það okkur ákveðin tækifæri til þess að vera „care takers“, eða svona taka svolítið utan um þau og passa upp á að þau blotni ekki í skóna, sýna þeim alúð og passa upp á þau og það gerir heilmikið í þessu traustsferli, að einhver er að „nússa“ hérna í einhverjum eða að græja og gera þannig að fólki líði vel í þeim aðstæðum sem það er í, eða eins vel og hægt er að líða.

Það kom fyrir að krakkarnir prófuðu leiðbeinendur til að athuga hvort þeir myndu bregðast þeim enda ekki óalgennt að þessir krakkar hefðu neikvæða mynd af fullorðnu fólki og slæma reynslu af samskiptum sínum við það. Það var ein af ástæðum þess að þeir voru komnir á þennan stað að þeir treystu ekki fullorðnu fólki og viðmælandi bætti við:

... þessir krakkar sem við vorum að fara með voru allir orðnir sérfræðingar í því að treysta ekki fólki vegna þess að það eru svo margir búnir að bregðast þeim. Manneskjur sem að ætluðu að labba fram af klettum og treystu á það að við myndum koma í veg fyrir það, alls konar svona hlutir, gefast upp, ég er hættur ... Þau treysta á það að við stoppum þau. Þegar þetta allt saman er komið þá fór að byggjast upp traustið og þá í rauninni byrjar meðferðarvinnan, þannig að ég held að traustið sé bara, um það snerist þetta allt saman.

Umræða

Markmið þessarar greinar var að varpa ljósi á það hvers konar undirbúningur, persónulegur og faglegur, er mikilvægur fyrir leiðbeinendur sem vinna hópvinnu með börnum og unglingum samkvæmt aðferðum reynslunáms. Leitast var við að svara því hvaða þekkingu og tilfinningalegu hæfni leiðbeinendur sem vinna hópvinnu úti í náttúrunni þurfi að búa yfir til þess að ná árangri.

Viðmælendur voru sammála um það að margir þættir þyrftu að vera til staðar til þess að vera góður leiðbeinandi. Þeir sögðu reynslu sína hafa verið mikinn skóla sem hefði skilað þeim persónulegum þroska, reynslu og innsýn í líf einstaklinga. Þátttaka í meðferðarúræðinu hefði í raun breytt lífi viðmælendanna engu síður en lífi ungmennanna. Þessi lærdómur leiðbeinenda gefur til kynna að í ferðunum hafi átt sér stað talsvert gagnvirk nám (Daft, 2015).

Persónulegir eiginleikar samofnir menntun og reynslu

Rannsóknin leiddi í ljós að viðmælendur töldu ýmsa samverkandi þætti lýsa þeim best sem leiðbeinendum og hafa þannig áhrif á árangur þeirra í starfi. Þeir töldu að ýmsir þættir í senn, persónulegir eiginleikar, menntun og reynsla leiðbeinenda, væri það sem gerði þá góða í starfi sínu. Þessum niðurstöðum ber saman við niðurstöður annarra rannsókna sem benda til þess að farsælir leiðbeinendur séu þeir sem geta notað sínar sterku persónulegu hliðar og tvinnad þær saman við fræðilega þekkingu og reynslu (Johnson og Johnson, 2009).

Viðmælendum varð tíðrætt um persónulega eiginleika sem þeir töldu að einkenndu þá og hefðu skilað þeim árangri. Í því sambandi var nefnt að þeir hefðu haft einlægán áhuga á þessum krökkum og átt auðvelt með að setja sig inn í aðstæður þeirra. Því megi segja að hjarta þeirra hafi slegið með þeim, vinnan verið eins konar ástríða. Einnig hefðu þeir haft til að bera ákveðna seiglu og ekki gefist upp á þessu unga fólki. Þeir höfðu trú á því að mikið byggji í þessum einstaklingum og að þeir gætu breytt lífi sínu til hins betra. Þessum niðurstöðum ber að nokkru leyti saman við niðurstöður Corey og fleiri (2010) sem telja þætti eins og fyrirmynd og seiglu vera einkennandi fyrir árangursríka leiðbeinendur.

Viðmælendur gátu þess að þeir hefðu haft mikla ástríðu fyrir því að vinna með ungu fólki í vanda og hefðu átt auðvelt með að sjá hve mikið bjó í þessu unga fólki. Talað var um mikilvægi leikgleði í fari leiðbeinenda, að með henni hefðu þeir náð til þátttakenda og notað hana sem fyrirmynd. Þátttakendur töldu sig hafa verið fyrirmyndir krakkanna og með því að gantast og leika sér hafa sýnt á sér heilbrigðar og stundum óvæntar hliðar sem krakkarnir hafi kunnað að meta.

Viðmælendur höfðu lagt stund á sjálfsrýni og töldu leiðbeinendur þurfa að vera tilbúna að líta í eigin barm, vera stöðugt ígrundandi. Þessi ígrundandi vinna væri stór þáttur bæði í

undirbúningi og starfi leiðbeinenda. Því yrðu þeir að geta skoðað sjálfa sig á hlutlausan hátt og geta unnið og lifað í óreiðu. Þetta þykir sérstaklega mikilvægt í vinnu sem þessari þar sem leiðbeinendurnir sjálfir eru verkfærið. Meðferðarvinna er oft tilfinningalega erfið og því er afar mikilvægt fyrir fagfólk í slíku starfi að undirbúa sig vel tilfinningalega og gera sér grein fyrir persónulegum styrkleika sínum og veikleika til þess að ráða við aðstæður og brenna síður út í starfi (Johnson og Johnson, 2009; Thompson, 2013).

Þó að viðmælendur væru allir með menntun sem tengdist að einhverju leyti uppeldi var hún ólík um margt og átti ýmist rætur í félags-, heilbrigðis- og menntavísindum. Þeir töldu að nám hefði að einhverju leyti haft áhrif á árangur þeirra, en tóku fram að það væri ekki ein ákveðin fagmenntun sem væri rétt eða best heldur ákveðið viðhorf sem þeir hefðu mögulega tileinkað sér í námi og sá lærdómur sem menn hefðu öðlast með menntun sinni. Þeir töldu að námið hefði skilað þeim gagnrýninni hugsun og fagmennsku. Einnig viku viðmælendur að því að ef þeir flögguðu tiltekinni menntun væri oft tekið meira mark á þeim en ella og hefði það stundum auðvelað samskipti við önnur kerfi sem vinna með ungmennum. Þar að auki töldu viðmælendur að í námi sínu hefðu þeir lært að setja sér ákveðin persónuleg mörk og nefndu sem dæmi að þó svo að þeir hefðu notað leikgleðina í meðferðinni, þá hefðu þeir alltaf haldið sig í hlutverki hins fullorðna og ábyrga. Þetta samrýmist þeim skoðunum fræðimanna að mikilvægt sé fyrir leiðbeinendur í hópvinnu að átta sig á hlutverki sínu og ábyrgð. Því sé góð menntun mikilvæg til þess að ná árangri á þeim vettvangi (Corey o.fl., 2010; Gladding, 2012).

Viðmælendur töldu enn fremur að fyrri reynsla þeirra af vinnu með unglíngum skipti miklu máli og samrýmist það ályktunum fræðimanna sem benda á að reynsla leiðbeinenda sé mikilvæg í hópstarfi með unglíngum. Auk reynslu af vinnu með unglíngum höfðu viðmælendur allir reynslu af útivist og höfðu mikinn áhuga á náttúrunni og lækningamætti hennar. Töldu þeir þessa reynslu hafa hjálpað sér í ferðinni sem farin var með einstaklingunum. Þetta styðja fræðin og benda má á að ákveðin viðmið hafi verið gefin út þar sem gert er ráð fyrir því að leiðbeinendur starfi við hlið reyndari aðila til þess að öðlast næga reynslu (Gladding, 2012).

Traust

Viðmælendum fannst að til þess að meðferðarúrræðið skilaði árangri þyrftu þátttakendur að treysta leiðbeinendum. Traust væri forsenda árangurs. Þeir lögðu því mikla áherslu á að öðlast traust unglínganna og brjóta niður ákveðnar staðalmyndir sem krakkarnir hefðu oft af fullorðnu fólki. Viðmælendurnir töldu að traustið hefði komið hægt og sígandi í meðferðinni en þegar það hefði verið komið hafi verið hægt að vinna með þau erfiðu mál sem einstaklingarnir voru með í farteskinu. Leiðbeinendur sem vinna með unglíngum þurfa að byggja upp traust til þess að unglíngarnir geti trúað þeim fyrir vanda sínum og vitað að þeir haldi trúnað við þá (Gladding, 2012; Jacobs o.fl., 2011; Corey o.fl., 2010).

Viðmælendur í rannsókninni töldu traust hafa átt stóran þátt í því hve samstarf leiðbeinenda heppnaðist vel. Þeir hafi orðið að treysta algjörlega á samstarfsfélaga sína og þannig hafi þeir náð árangri í meðferðarvinnunni. Þetta tryggði að þeir gátu verið hreinskilnir hver við annan og fengið viðeigandi stuðning, ekki síst þegar meðferðarvinna tók á.

Lokaorð

Talsverðar kröfur eru gerðar til fagmanna sem starfa með hópum barna og unglínga á grundvelli aðferða sem byggjast á reynslunámi. Leiðbeinendur í slíku starfi eru meginverkfærið og því var áhugavert að varpa ljósi á það hvaða skilning þeir leggja í starf sitt. Þar sem árangur hópvinnu er háður hæfum leiðbeinendum er mikilvægt að skoða reynslu þeirra sem hafa lagt sig fram við slíkt starf og nýta þær niðurstöður til að auka fagþekkingu og styrkja menntun á því sviði.

Heimildir

- Bailey, D. F. og Bradbury-Bailey, M. E. (2007). Promoting achievement for African-American males through group work. *The Journal for Specialists in Group Work*, 32, 83–96. doi:10.1080/01933920600978588
- Björn Vilhjálmsson. (2013). *Einu sinni var ... Örfameðferð Hálandishópsins fyrir ungt fólk í sál-félagslegum vanda, 1989–2007* (meistararitgerð). Menntavísindasvið, Háskóli Íslands.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage.
- Corey, M. S., Corey, G. og Corey C. (2010). *Groups: Process and practice* (8. útgáfa). Belmont: Brooks/Cole.
- Dewey, J. (1938). *Experience and education*. New York: Collier.
- Daft, R. L. (2015). *The leadership experience* (6. útgáfa). Stamford, CT: Cengage Learning.
- Farley, O. M., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2006). *Introduction to social work*. Boston: Pearson Education.
- Gass, M. A., Gillis, H. L. og Russell, K. C. (2012). *Adventure therapy: Theory, research and practice*. New York: Taylor and Francis.
- Gladding, S. T. (2012). *Groups: A counseling speciality*. Upper Saddle River, NJ: Merrill.
- Henderson, D. A. og Thompson, C. L. (2011). *Counseling children* (8. útgáfa). Belmont, CA: Brooks/Cole.
- Hervör Alma Árnadóttir. (2011). Næsta fjall: Afdrif ungmenna sem tóku þátt í Hálandishópnum 2001–2005. Í Halldór Sig. Guðmundsson, *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félagráðgjafardeild* (bls. 37–44). Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af <http://skemman.is/stream/get/1946/10250/25560/1/Felagsradgjafardeild.pdf>
- Hildur Andrjesdóttir, Oddný Hróbjartsdóttir og Steinunn Björnsd. Bjarnarson. (2007). „Hann fékk þarna meiri trú á sjálfum sér“: *Ævintýrameðferð og annað umhverfi barna með geðræn vandamál: Sjónarhorn foreldra* (bakkalárritgerð). Iðjupjálfunarbraut, Háskólinn á Akureyri.
- Hoyle, R. H., Harris, M. J. og Judd, C. M. (2002). *Research methods in social relations*. Victoria: Wadsworth.
- Jacobs, E., Masson, R. L., Harvill, R. L., og Schimmel, C. J. (2012). *Group counseling: Strategies and skills* (7. útgáfa). Belmont, CA: Brooks/Cole.
- Johnson, D. W. og Johnson, F. P. (2009). *Joining together: Group theory and group skills* (10. útgáfa). Boston, CT: Allyn and Bacon.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57–72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kolb, D. A. (1984). *Experiential learning: Experience as the source of learning and development*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.

Norton, C. L., Tucker, A., Russell, K. C., Bettmann, J. E., Gass, M. A., Gillis, H. L. o.fl. (2014). Adventure therapy with youth. *Journal of Experiential Education*, 37(1), 46–59. doi: 10.1177/1053825913518895

Parrish, D. E. og Rubin, A. (2012). Social workers' orientations toward the evidence-based practice process: A comparison with psychologists and licensed marriage and family therapists. *Social Work*, 57(3), 201–210. doi: 10.1093/sw/sws016

Rubin, A. og Babbie, E. (2014). *Research methods for social work* (8. útgáfa). Belmont, CA: Brooks/Cole.

Schoel, J. og Maizell, R. (2002). *Exploring islands of healing: New perspective on adventured based counseling*. Beverly: Project Adventure.

Sigrún Júlíusdóttir. (2002). *Ævintýri á fjöllum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Silverman, D. (2013). *Doing qualitative research: A practical handbook* (4. útgáfa). London: Sage.

Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–312). Akureyri: Ásprent Stíll.

Thompson, N. (2013). The emotionally competent professional. Í J. Parker og M. Doel (ritstjórar), *Professional Social Work* (bls. 68–80). London: Sage.

Yalom, I. D. og Lesz, M. (2005). *The theory and practice of group psychotherapy* (5. útgáfa). New York: Basic.

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51–66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Um höfunda

Hervör Alma Árnadóttir (hervora@hi.is) er félagsráðgjafi og lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Nýlegar rannsóknir beinast sérstaklega að þátttöku barna í rannsóknum. Hún starfaði sem leiðbeinandi í meðferðarstarfi með unglingum um árabil. Kennsla Hervarar Ölmú við Félagsráðgjafardeildina snýr að þátttöku, samfélagsvinnu og hópastarfi. Áherslur hennar í rannsóknum eru börn og ungmenni, þátttaka og hópavinna.

Sóley Dögg Hafbergsdóttir (soleydhafbergs@gmail.com) er félagsráðgjafi og starfar hjá Barnavernd Reykjanesbæjar. Hún lauk MA-prófi til starfsréttinda frá Háskóla Íslands vorið 2015.

Efnisorð

leiðbeinendur – hópar – reynslunám – ungmenni

About the authors

Hervör Alma Árnadóttir MSW (hervora@hi.is) is an authorized social worker and lecturer at faculty of Social Work, University of Iceland. Current research is about participation of children in research. She has worked for and been responsible for outdoor therapy and group work with youth. Hervör Alma teaches about participation, community work and group

dynamics. Her main research focus is on children and youth, participation and group dynamics.

Sóley Dögg Hafbergsdóttir (soleydhafbergs@gmail.com) is a social worker. She works in Child protection in Reykjanesbær. She graduated with MA degree in social work 2015 from University of Iceland.

Key words

leadership – groups – experiential-learning – youth



Hervör Alma Árnadóttir og Sóley Dögg Hafbergsdóttir. (2015).
Hjarta mitt sló með þessum krökkum: Reynsla leiðbeinenda af hópvinnu með ungmennum úti í náttúrunni.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2015 – Um útinám.
Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2015/um_utinam/002.pdf